

Miðvikudaginn 13. mars 1991.

Nr. 87/1991. **Sigríður Gunnlaugsdóttir**

gegn

Kreditkortum hf.

Kærumál. Lausnargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur með vísan til 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. febrúar 1991, sem barst Hæstarétti 25. sama mánaðar. Krefst hún þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur. Jafnframt krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila að viðbættum virðisaukaskatti og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppsögu dóms til greiðsludags.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar á því, að hún eigi „lögvarinn rétt á því, að ólöglega framkvæmt fjárnám (sic) á lögskráðri eign kæranda verði með lausnargerð aflétt“. Vísar hún til laga um aðför nr. 19/1987, sérstaklega 51. gr.

Varnaraðili reisir kröfur sínar á því, að fjárnáminu, sem um ræðir í málinu, hafi verið aflýst 26. október 1990 og sóknaraðili sé ekki lengur eigandi bifreiðarinnar R 4202.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, sem ákveðst 15.000 krónur.

Dráttarvextir verða ekki dæmdir af kærumálskostnaði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sigríður Gunnlaugsdóttir, greiði varnaraðila,

Kreditkortum hf., 15.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður fúðetaréttar Reykjavíkur 6. febrúar 1991.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 28. janúar 1991. Kristinn Sigurjónsson hrl. gerir þá kröfu fyrir hönd Sigríðar Gunnlaugsdóttur, kt. 251035-4909, Kvistalandi 22, Reykjavík, að fram fari lausnargerð vegna fjárnámsgerðar, sem fram fór í fúðetarétti Reykjavíkur þann 14. maí 1990 í fúðetamálinu A-2842/1990: Kredítkort hf. gegn Sigurjóni V. Sigurjónssyni, kt. 130431-2089. Þá krefst hann málskostnaðar ásamt dráttarvöxtum 15 dögum eftir, að úrskurður hefur verið kveðinn upp, svo og virðisaukaskatts. Jafnframt er gerð krafa til þess, að vextir verði lagðir við höfuðstólinn, þar til hann hefur verið að fullu greiddur.

Gunnar Viðar lögfræðingur vegna Róberts Árna Hreiðarssonar hdl. gerir þá kröfu fyrir hönd Kredítkorta hf., að sér verði úrskurðuð ómaksþóknun að mati réttarins ásamt virðisaukaskatti og dráttarvöxtum frá 15. degi eftir úrskurðardag.

Málavextir eru þeir, að með beiðni, dagsettri 25. október 1990, fór Kristinn Sigurjónsson hrl. þess á leit fyrir hönd Sigríðar Gunnlaugsdóttur við fúðetarétt Reykjavíkur, að fram færi lausnargerð vegna áður nefndrar fjárnámsgerðar. Með bréfi, dagsettu 17. desember 1990, var lögmanninum tilkynnt um það í ábyrgðarbréfi, sem lagt hefur verið fram í réttinum sem dskj. nr. 6, að beiðni hans væri hafnað. Höfnun þessi var grundvölluð á því, að umrædd Sigríður hefði ekki lögvarða hagsmuni af því, að lausnargerð færi fram. Í símskeyti, dags. 8. janúar 1991, sem lögmaðurinn sendi fúðetaréttinum og lagt hefur verið fram sem dskj. nr. 7, óskaði hann eftir því, að fúðeti kvæði upp úrskurð um höfnun þessa. Málið var tekið fyrir í fúðetarétti Reykjavíkur hinn 28. janúar sl., og voru þá mættir Kristinn Sigurjónsson hrl. fyrir hönd Sigríðar Gunnlaugsdóttur og Gunnar Viðar lögfræðingur vegna Róberts Árna Hreiðarssonar hdl. fyrir hönd Kredítkorta hf. Var málið síðan tekið til úrskurðar.

Því hefur ekki verið mótmælt af hálfu Kristins Sigurjónssonar hrl., að umrædd krafa sé að fullu greidd og fjárnám það, sem gert var 14. maí 1990 í bifreið Sigríðar Gunnlaugsdóttur, R-4202, hafi verið afmáð úr veðmálabókum hinn 26. október 1990. Á vottorði Bifreiðaskoðunar Íslands hf., sem liggur fyrir í málinu, kemur fram, að bifreiðin var seld hinn 28. september 1990, og er núverandi eigandi Gyða Hafðis Margeirsdóttir, kt. 041156-3339.

Samkvæmt ofangreindu verður ekki séð, að Sigríður Gunnlaugsdóttir hafi nokkra réttarhagsmuni af því, að umbeðin lausnargerð fari fram, enda er hún ekki lengur eigandi þeirrar bifreiðar, sem fjárnám var gert í og lausnargerðin beinist að. Er kröfu hennar um lausnargerð því hafnað.

Rétt þykir, að Sigríður Gunnlaugsdóttir greiði Kredítkortum hf. kr. 15.000 í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskatt, og beri málskostnaðurinn dráttarvexti frá 15. degi eftir úrskurðardag.

Júlíus Guðmundsson, fulltrúi yfirborgarfélagans í Reykjavík, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Sigríðar Gunnlaugsdóttur um, að fram fari lausnargerð vegna fjárnáms, sem gert var 14. maí 1990 í fógataréttarmálinu A-2842/1990, er hafnað.

Sigríður Gunnlaugsdóttir greiði Kreditkortum hf. kr. 15.000 í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskatt, og beri málskostnaðurinn dráttarvexti frá 15. degi eftir úrskurðardag.
